14 Umhverfissráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Samvinnunefnd um miðhálandið	-5,3
1.40 Alþjóðastofnanir	8,1
Almennur rekstur samtals	2,8
Gjöld samtals	2,8
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	3,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:	
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

14 Umhverfissráðuneyti, gjöld umfram tekjur	3,5
Greitt úr ríkissjóði	3,5
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs**19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**

Almennur rekstur:

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs 1.210,7

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfingar 1.210,7

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur 1.210,7**Greitt úr ríkissjóði 0,0****Innheimt af ríkistekjum 0,0****Viðskiptahreyfingar 1.210,7**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi þessu eru annars vegar lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávíka í ríkistekjum stofnana milli uppgjörs tekna samkvæmt ríkisreikningi 2011 og áætlunar þeirra í fjárlögum og fjáráukalögum 2011 og hins vegar gerðar tillögur um niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Einnig fylgir frumvarpinu yfirlit um fjárheimildastöður í árslok 2011 sem gert er ráð fyrir að verði fluttar til ársins 2012. Frumvarpið er einnig til staðfestingar á niðurstöðum ríkisrekstrarins samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2011. Með frumvarpinu eru þannig lagðar fyrir Alþingi niðurstöður um afgangsheimildir og umframgjöld í rekstri ríkissjóðs á árinu 2011. Vísað er til greinargerðar í fjárlögum og fjáráukalögum og skýringa í ríkisreikningi fyrir árið 2011 um framvindu ríkisfjármála það ár.

Frumvarpið er með sama sniði og verið hefur enda byggist það á gildandi lögum og reglum á þessu sviði. Í því felst meðal annars að leitað er eftir breytingum á fjárheimildum vegna ráðstöfunar á ríkistekjum sem reynst hafa hærri eða lægri en áætlað var í fjárlögum ársins 2011 samkvæmt sömu vinnureglum og verið hefur. Á umliðnum árum hefur þó oft komið til umræðu að ástæða væri til að endurskoða mörkun ríkistekna og eftirábreytingar fjárheimilda í lokafjárlögum vegna frávíka í þessum tekjum. Kemur þar bæði til að óheppilegt þykir að breyta fjárheimildum eftirá með því að veita stofnunum t.d. heimild til að ráðstafa umframtekjum sem féllu til á tilteknu rekstrarári löngu eftir að árinu er lokið, auk þess sem slíkar eftirábreytingar fjárheimilda og nokkurs konar sjálfvirkni milli breytinga á fjárheimildum og mörkuðum tekjum stríða gegn útgjaldastýringu rammafjárlaga og fjárstjórnarvaldi Alþingis. Vísað er til umfjöllunar í lokafjárlagafrumvarpi 2010 þar sem nánar er vikið að þessum sjónarmiðum í sérstökum kafla aftast í athugasemdum með því frumvarpi.

Talnagrunnur frumvarpsins. Í fylgiskjali 2 er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2011 bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Þar er um að ræða fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjáráukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávíka ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð útgjöld samkvæmt ríkisreikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir til ráðstöfunar á árinu 2011 voru 544.603 m.kr., útgjöld samkvæmt ríkisreikningi urðu 575.949,9 m.kr. og staða í árslok gagnvart fjárheimildum varð því neikvæð um 31.346,9 m.kr. Þar vegur þyngst gjaldfærsla í ríkisreikningi 2011 á 20,2 mia.kr. m.kr. endurgjaldi ríkissjóðs til Landsbankans hf. vegna stofnfjárframlags og ábyrgða á innstæðum eftir yfirtöku bankans á SpKef sparisjóði í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndar frá 7. júní 2012. Einnig vega þar þungt um 7,1 mia.kr. niðurfærsla á eignarhlut ríkissjóðs í Byggðastofnun og 4,9 mia.kr. niðurfærsla á eignarhlut ríkissjóðs í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins sem gjaldfærðar voru í reikninginn. Þá voru gjaldfærðar í ríkisreikning

3,5 mia.kr. vegna fasteigna í eigu ríkisins sem voru afhentar fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra milli stjórnarsýslustiganna. Loks má í þessu sambandi nefna að útgjöld vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir sjálfum sér urðu 1,2 mia.kr. hærri en fjárheimildir vegna breytinga á reikningsskilum varðandi stofna til skattsins. Hér er um að ræða reikningshaldslegar uppgjörsfærslur sem samtals nema nærri 37 mia.kr. og voru ófyrirséðar við afgreiðslu fjáráukalaga ársins 2011 þar sem þær eru gerðar við lokun á ríkisreikningi um hálfu ári síðar. Að þessum óreglulegu uppgjörsfærslum frátöldum var árslokastaða gagnvart fjárheimildum í heildina tekið jákvæð um 5,6 mia.kr. Taflan hér á eftir sýnir heildarsamtölur fyrir uppruna fjárheimilda, reikningsfærð útgjöld og árslokastöðu samkvæmt fylgiskjali 2.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Flutt frá fyrra ári	16.459,1
Fjárlög	509.808,4
Fjáráukalög	17.439,6
Millifært	0,0
Lokafjárlög	895,9
Alls heimildir	544.603,0
Reikningur	575.949,9
Staða í árslok	-31.346,9

Í lokafjárlögum ársins 2008 voru felldar niður háar afgangshemildir sem safnast höfðu upp á árunum þar á undan á ýmsum fjárlagaliðum m.a. vegna framkvæmda sem ekki hafði orðið af og einnig rekstrarfjárheimildir sem ekki höfðu verið nýttar og voru umfram tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Var þar um að ræða hluta af aðgerðum til að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna. Einnig var þar sett fram það viðmið að í almennum stofnanarekstri og reglubundnum rekstrarverkefnum yrði almennt sett hámark á flutning afgangshemilda milli ára sem næmi 4% af fjárlagaveltu viðkomandi stofnana og verkefna í fyrstu en til lengri tíma litið yrði heimilt að safna upp afgangshemildum sem næmu allt að 10% af fjárlagaveltu liðins árs. Tilgangur þess að setja takmarkanir á flutning afgangshemilda milli ára var að koma í veg fyrir að heimilt yrði að efna til umtalsverðra útgjalda umfram fjárlög enda auka útgjöld sem efnt er til á grundvelli ónotaðra fjárheimilda frá fyrri árum kostnað og skuldasöfnun ríkissjóðs á sama hátt og útgjöld sem byggja á fjárveitingum ársins. Við undirbúning frumvarps til lokafjárlaga 2008 var farið yfir allar slíkar afgangsstöður með fagráðuneytum miðað við að flutningur afgangshemilda í rekstri takmarkaðist við þessi viðmið nema sérstakar ástæður teldust til annars. Við þá yfirferð kom í ljós að í mörgum tilvikum voru málsatvik með þeim hætti að ráðuneyti töldu nauðsynlegt að yfirfæra meiri afgangshemildir frá árinu 2008 til ársins 2009 og varð niðurstaðan sú að í mörgum tilvikum var yfirfærsla miðuð við fyrrgreint 10% hámark og í nokkrum tilvikum meira. Við undirbúning frumvarpa til lokafjárlaga fyrir árin 2009 og 2010 voru sömu viðmið viðhöfð

og miðað við að yfirfærsla afgangsheimilda í almennum stofnanarekstri og viðvarandi rekstrarverkefnum færi ekki umfram 10% af fjárlagaveltu nema sérstakar ástæður væru taldar til annars eftir skoðun með fagráðuneytum.

Við undirbúning þessa frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2011 gilda sömu viðmið. Farið hefur verið yfir þau tilvik með fagráðuneytum þar sem afgangsheimildir í almennum stofnanarekstri og viðvarandi rekstrarverkefnum eru umfram 10% af veltu. Í nokkrum tilvikum eru málsatvik með þeim hætti að ráðuneyti telja nauðsynlegt að yfirfæra afgangsheimildir umfram það hámark til ársins 2012. Sem dæmi um slík tilvik má nefna afgangsheimildir vegna þess að framkvæmd verkefnis hefur frestast yfir áramót eða ef stofnað hefur verið til skuldbindinga, á grundvelli fenginna fjárheimilda, sem ekki hafa verið gjaldfærðar á árinu. Í mörgum tilvikum er um að ræða safnliði og úthlutunarliði þar sem vilyrði hafa verið veitt fyrir styrkjum sem ekki hafa verið greiddir út og gjaldfærðir á árinu. Einnig eru tilvik þar sem unnið hefur verið að uppsöfnun afgangsheimilda til að standa undir kostnaði við endurnýjun og viðhald á búnaði. Að öðru leyti hefur eins og jafnan áður við undirbúning lokafjárlaga verið farið yfir alla fjárlagaliði og tillögur um flutning eða niðurfellingar gerðar með hliðsjón af málsatvikum samkvæmt sömu viðmiðunarreglum og áður. Nánari grein er gerð fyrir þeim hér á eftir í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Lagagreinar og sundurliðanir. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávíka markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjárukalaga. Í sundurliðun 1 í frumvarpinu er nánara yfirlit yfir þá fjárlagaliði þar sem breytingar á fjárveitingum af þessum sökum eru lagðar til samkvæmt 1. gr., ýmist til hækkunar eða lækkunar. Er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun á ríkistekjum stofnana og verkefna í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings eða hver metin fjárþörf við skil ríkissjóðs á þessum tekjum til viðkomandi reyndist vera. Slíkar breytingar á fjárheimildum ríkisaðila og ráðstöfun á ríkistekjum verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og í fjárlögum og fjárukalögum. Stuðst er við sömu vinnureglur og í fyrri lokafjárlögum um uppgjör fjárheimilda vegna markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjárlaga og fjárukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á tekjunum. Sú regla á t.d. við um

útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa. Í slíkum tilvikum kann fjárförf að hafa verið metin meiri eða minni en álagðar tekjur ársins.

3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjárlögum og fjárukalögum þótt ríkistekjur stofnana hafi orðið meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirlitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað, eða að útgjaldaheimildir eru ákvarðaðar út frá verkefnum án tillits til hugsanlegra breytinga í fjármögnum með ríkistekjum. Þar má t.d. nefna framlög til vegagerðar og annarra stofnkostnaðarverkefna og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahlíðar eins og fram kemur í viðskiptahreyfingum á tekju-liðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum eða fjárukalögum.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum ráðuneyta. Getur þar bæði verið um að ræða afgangsheimildir og útgjöld umfram fjárheimildir. Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er nánara yfirlit yfir þær stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum sem lagt er til að falli niður samkvæmt 2. gr. og eru umframgjöld sýnd þar með neikvæðu formerki en afgangsheimildir með engu formerki. Í umfjöllun um talnagrunn frumvarpsins á bls. 84 er fjallað viðmið varðandi flutning á afgangsheimildum í rekstri. Að öðru leyti er eins og áður stuðst við þá meginreglu að árslokastaða fjárlagaliðar falli niður ef útgjöld hans ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum. Dæmi um slíkt eru útgjöld á lið almannatrygginga. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem á sameiginlegum lið fyrir ófyrirséð útgjöld. Eins er við það miðað að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður, og er þessi afgreiðsla með sama hætti og verið hefur um langt árabil.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum ársins 2012 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 2011 sem ráðgert er að falli ekki niður heldur flytjist yfir til ársins 2012, svonefndar yfirfærslur milli ára.

Áður en takmörkun á yfirfærslu afgangsheimilda í rekstri við tiltekið hámark var tekin upp í lokafjárlögum 2008 voru fjárheimildastöður aðila yfirlitt annað hvort felldar niður með öllu eða yfirfærðar að fullu til næsta árs. Sami aðili kom því sjaldnast bæði fyrir í yfirliti lokafjárlaga um niðurfelldar stöður í sundurliðun 2 og yfirliti um stöður sem yfirfærast til næsta árs í fylgiskjali 1. Þessi takmörkun á yfirfærslu afgangsheimilda hefur því fjölgað þeim tilvikum þar sem afgangsheimild fellur niður að hluta og yfirfærast til næsta árs að hluta og fjölgar af þeim sökum aðilum sem eru bæði tilgreindir í sundurliðun 2 og fylgiskjali 1.

Staða fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem áttu afgang á fjárheimildum og þeirra þar sem útgjöld voru umfram fjárheimildir. Almennt má segja að staða í árslok í fylgiskjali 2 ásamt dálki yfir framlög í fjárukalögum gefi til kynna hvernig viðkomandi ráðuneytum og stjórnendum stofnana hefur tekist til við að fylgja eftir ákvörðunum Alþingis í fjárlögum.

Eins og fyrr sagði er staða fjárheimilda í árslok 2011 neikvæð um 31.346,9 m.kr. og svarar það til 5,8% af heildarfjárheimildum ársins. Þessi staða skiptist í 23.307,6 m.kr. afgangshheimildir og 54.654,5 m.kr. umframgjöld. Umframgjöldin skýrast að stærstum hluta af um 37 mia.kr. óreglulegum og einskiptis uppgjörsfærslum, sem flestar færast á liði undir fjármálaráðuneytinu og eru tilgreindar nánar á bls. 83 í umfjöllun um talnagrunn frumvarpsins. Ekki var gert ráð fyrir fjárheimildum á móti þessum útgjöldum í fjárlögum eða fjárukalögum, enda erfitt að spá fyrir um þau þar sem um er að ræða gjaldfærslur í ríkisreikningi sem ráðast af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið. Að þessum liðum frátöldum eru umframgjöld í frumvarpinu 17,8 mia.kr. og nettóstaða í árslok gagnvart fjárheimildum í heildina tekið jákvæð um 5,6 mia.kr. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum í árslok. Afgangshheimildir og umframgjöld í töflunni eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangshheimildir	Umframgjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins	355,4	-52,9	302,5
01 Forsætisráðuneyti	288,1	-12,1	276,0
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	3.738,2	-848,0	2.890,2
03 Utanríkisráðuneyti	1.552,7	0,0	1.552,7
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	2.497,4	-5,8	2.491,6
06 Innanríkisráðuneyti	2.045,7	-942,4	1.103,3
08 Velferðarráðuneyti	4.240,0	-9.025,7	-4.785,7
09 Fjármálaráðuneyti	2.868,3	-30.971,7	-28.103,4
11 Iðnaðarráðuneyti	1.836,8	-12.521,9	-10.685,1
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	563,1	-37,4	525,7
14 Umhverfisráðuneyti	2.111,2	-236,6	1.874,6
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.210,7	0,0	1.210,7
Samtals	23.307,6	-54.654,5	-31.346,9

Sé litið til þess á hvaða fjárlagaliðum frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest kemur í ljós að oft er þar um að ræða stofnkostnaðarliði, tilfærsluliði og ýmsa óreglulega liði fremur en eiginlega rekstrarliði. Útgjöld þessara liða eru oft og tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöldin á árinu að óbreyttum lögum. Sem dæmi

má nefna útgjöld almannatrygginga, lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld. Leitast er við að endurskoða fjárheimildir slíkra liða í fjárukalögum hvers árs en yfirleitt er um að ræða flókið samspil margra áhrifaþátta sem erfitt getur verið að spá fyrir um, eða eins og áður sagði að gjaldfærsla í ríkisreikningi ræðst af ákvörðunum um forsendur reikningshaldslegs uppgjörs eftir að árið er liðið. Á árinu 2011 á þetta sérstaklega við um ríkisábyrgðir og niðurfærslur á verðmati á eignarhlutum ríkisins í fjárfestingarlánasjóðum.

Afgangsheimildir í árslok 2011 eru mestar 1.372,4 m.kr. á fjárlagaliðnum *14-381 Ofanflóðasjóður*, því næst 1.210,7 m.kr. á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, þá 1.158,7 m.kr. á liðnum *08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra*, þá 1.137,3 m.kr. á liðnum *02-201 Háskóli Íslands* og 737,6 m.kr. á liðnum *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*. Af samtals 23.307,6 m.kr. afgangsheldum í árslok eru 5.616,7 m.kr. eða 24,1% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Útgjöld umfram fjárheimildir eru mest 19.271,6 m.kr. á liðnum *09-971 Ríkisábyrgðir* og eru 35% allra umframgjalda í árslok á þessum eina lið. Að öðru leyti eru mestu umframgjöldin 7.072,1 m.kr. á liðnum *11-411 Byggðastofnun*, 4.901,9 m.kr. á liðnum *11-214 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins*, 4.553,2 m.kr. á liðnum *09-711 Afskriftir skattkrafna* og 4.065,8 m.kr. á liðnum *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*. Af samtals 54.654,5 m.kr. umframgjöldum í árslok eru 39.864,6 m.kr. eða 72,9% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Að öðru leyti er vísað til skýringa í ríkisreikningi og ársskýrslum einstakra stofnana varðandi ástæður fyrir uppsöfnun afgangsheldra eða útgjalda umfram fjárheimildir.

Sérstök athygli er vakin á 1.176,1 m.kr. mismun á fjárlagaliðnum *06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* milli höfðustóls liðarins í árslok samkvæmt ríkisreikningi og fjárheimildastöðu hans í árslok samkvæmt frumvarpinu. Fjárveitingar á þessum lið hafa verið samkvæmt þjónustusamningi innanríkisráðuneytis við Isavia ohf. og áður við Flugstöðir. Málavextir eru að öðru leyti þeir að í fjárlögum 2008 var samþykkt að veita fé til að flýta framkvæmdum við Akureyrarflugvöll og flughlöð á Reykjavíkflugvelli. Í því skyni voru 1.361,8 m.kr. af fjárheimildum liðarins fjármagnaðar með fyrirframráðstöfun markaðra tekna af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi og þannig dregið á framtíðartekjur af þessum sköttum með láni frá ríkissjóði. Í fjárukalögum 2008 var fjárheimild liðarins aukin um 473 m.kr. í þessu skyni umfram endurskoðaða tekjuáætlun þannig að fyrirframráðstöfun markaðra tekna á árinu 2008 nam samtals 1.834,8 m.kr. Í samræmi við þessa ákvörðun stjórnvalda var í fjárlögum 2009 tekið til við að endurgreiða þessa lána-fyrirgreiðslu ríkissjóðs með því að halda eftir hjá ríkissjóði 399,6 m.kr. af þeim tekjum sem þessir skattar skiluðu og í fjárlögum 2010 var 111,6 m.kr. af tekjunum haldið eftir í ríkissjóði. Í fjárlögum 2011 var 147,5 m.kr. haldið eftir af mörkuðum tekjum liðarins og höfðu því 1.176,1 m.kr. af fjárheimildum liðarins verið fjármagnaðar með fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum í lok ársins. Sú staða kemur fram sem neikvætt bundið eigið fé á fjárlagaliðunum í ríkisreikningi 2011. Gert var ráð fyrir þessum endurgreiðslum í samgönguáætlun með sama hætti. Í tengslum við breytingar á rekstrar- og fjármögnunar-

fyrirkomulagi flugvalla voru flugvallaskattur og varaflugvallagjald síðan aflögð 18. maí 2011 með lögum nr. 45/2011, um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Þar var í raun þó aðeins um að ræða formbreytingu á gjaldtökunni því ígildi hinna brottföllnu skatta var fært inn í gjaldskrá Isavia ohf. í formi farþegagjalda. Tekjurnar halda því áfram að skila sér, þó undir öðrum formerkjum sé, en renna nú til Isavia ohf. í stað þess að renna í ríkissjóð. Í ríkisreikningi 2011 var brugðist við brottfalli skattanna með því að flytja 1.176,1 m.kr. neikvæða stöðu bundins eigin fjár yfir í höfuðstól liðarins *06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* og lækka þar með þann efnahagslið sem á að vera lýsandi fyrir stöðu liðarins gagnvart fjárheimildum þannig að mismunurinn verður 1.176,1 m.kr. Í frumvarpinu er ekki lögð til samsvarandi lækkun fjárheimildar, enda virðast engin efni til þess þótt fjármögnun heimildarinnar verði með öðrum hætti en upphaflega var ráðgert. Í ríkisreikningi er jafnframt tilgreind samsvarandi skuld liðarins við ríkissjóð í árslok. Taka þarf afstöðu til þess hvernig farið verður með þessa kröfu ríkissjóðs. Gera verður ráð fyrir að Isavia ohf. greiði kröfuna, enda tók félagið við öllum rekstri, eignum og skuldbindingum Flugstoða ohf. við stofnun, auk þess sem farþegagjöld voru tekin upp í gjaldskrá félagsins á móti brottfalli áðurnefndra skatta. Tekjustreymið sem ætlað var til að endurgreiða lánið er því enn til staðar og hefur raunar aukist umtalsvert frá 2011 samfara aukinni umferð flugfarþega. Að öðrum kosti þyrfti ríkissjóður að afskrifa kröfuna og gjaldfæra í rekstrarreikning sinn. Minna má á að á fyrsta starfsári sínu árið 2007 gerðu Flugstoðir ohf. upp sams konar skuld við ríkissjóð vegna annarra framkvæmda. Þess skal getið í þessu sambandi að lækkanir sem gerðar hafa verið á fjárveitingum vegna þjónustusamninga við félögin á síðustu árum hafa einvörðungu verið til að mæta aðhaldsmarkmiðum innanríkisráðuneytisins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hyggst fara nánar yfir þetta mál og óska í því skyni eftir áliti Ríkisendurskoðunar um reikningshaldslegt uppgjör þess. Stefnt verður að því að niðurstaða fái í málið fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Í heildina er gert ráð fyrir að 31.346,9 m.kr. neikvæðri stöðu fjárheimilda í árslok verði ráðstafað þannig að 44.664,7 m.kr. gjöld umfram heimildir falli niður, þar af 19.180 m.kr. vegna ríkisábyrgðar á innstæðum í SpKef sparísjóði, en 13.317,8 m.kr. heimildir umfram gjöld yfirfærast til ársins 2012. Í umfjöllun um talnagrunn frumvarpsins hér á undan er fjallað um viðmið sem tekin voru upp í lokafjárlögum 2008 og takmarka flutning á afgangi rekstrarfjárheimilda yfir áramót við tiltekið hlutfall af fjárlagaveltu. Að öðru leyti byggjast tillögur um ráðstafanir á fjárheimildastöðum einstakra stofnana og verkefna í árslok á sömu viðmiðunarreglum og verið hefur um langt árabíl þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru fremur lögbundin eða kerfislæg heldur en á ábyrgð tiltekens stjórnsýsluaðila. Meginreglan er sú að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana sem eru innan framangreindra viðmiða er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. framlög til almanna-

trygginga, fellur hins vegar almennt niður í árslok enda eru þau útgjöld í flestum tilvikum lög- eða samningsbundin og verður ekki stýrt nema með breytingum þar á. Sama gildir um fjárlagaliði þar sem útgjöldin ráðast af hagrænum eða reikningshaldslegum þáttum og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir stöðu ráðuneyta gagnvart fjárheimildum og tillögur frumvarpsins um ráðstöfun á þessum stöðum með niðurfellingu í árslok, sbr. 2. gr. og sundurliðun 2, eða yfirfærslu til ársins 2012, sbr. fylgiskjal 1.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Árslokastaða fjárheimilda	Niðurfellt í árslok 2011	Yfirfært til 2012
00 Æðsta stjórn ríkisins	302,5	100,7	201,8
01 Forsætisráðuneyti	276,0	47,9	228,1
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2.890,2	344,1	2.546,1
03 Utanríkisráðuneyti	1.552,7	297,7	1.255,0
04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	2.491,6	49,7	2.441,9
06 Innanríkisráðuneyti	1.103,3	-288,3	1.391,6
08 Velferðarráðuneyti	-4.785,7	-3.597,6	-1.188,1
09 Fjármálaráðuneyti	-28.103,4	-30.331,5	2.228,1
11 Iðnaðarráðuneyti	-10.685,1	-12.531,2	1.846,1
12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	525,7	29,6	496,1
14 Umhverfissráðuneyti	1.874,6	3,5	1.871,1
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.210,7	1.210,7	0,0
Samtals	-31.346,9	-44.664,7	13.317,8

Tilgangur með yfirfærslu á fjárheimildastöðum milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimilud og felld niður við áramót, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var í fjárlögum þá losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp með framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af fjárveitingum sem til er kominn vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok heldur fluttur yfir á næsta ár, en þó upp að tilteknu hámarki af veltu, og getur þannig nýst til verkefna viðkomandi stofnunar á því ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs. Við ákvörðun um flutning á ónotuðum fjárheimildum milli ára er þó mikilvægt að farið sé vandlega yfir málavexti í hverju tilviki því ekki er tilefni til að yfirfæra afgangsheimildir ef fjárþörf er ekki fyrir hendi eða t.d. þegar afgangur hefur myndast vegna þess að fjárveitingar hafa verið ofátlaðar eða umfang þjónustu skert. Tillögur um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggjast á eftirfarandi vinnureglum:

1. Almennt

- 1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagaliði og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagaliði á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.
- 1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum, t.d. vegna tilfærsluframlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórn-sýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.
- 1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.
- 1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

- 2.1. Afgangsheimild liðar í árslok sem nemur allt að 10% af veltu kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.
- 2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum, eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.
- 2.3. Afgangsheimild fellur niður ef sýnt þykir að kostnaður við verkefni hafi verið ofmetinn í fjárlögum.
- 2.4. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld

- 3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.2–1.4 eigi fremur við.
- 3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Eins og áður hefur komið fram er hrein fjárheimildastaða í árslok 2011 neikvæð um 31.346,9 m.kr. og skiptist í samtals 23.307,6 m.kr. afgangsheimildir og samtals 54.654,5 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annað hvort felldar niður í árslok eða yfirfærðar til næsta árs.

Í 2. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 2, er lagt til að í árslok verði felld niður 44.664,7 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða, nettó. Niðurfelld staða skiptist í 4.500,8 m.kr. afgangsheimildir og 49.165,5 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Nánar er fjallað um fjárheimildastöður sem gert er ráð fyrir að verði felldar niður í árslok í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er yfirlit yfir fjárheimildastöður sem gert er ráð fyrir að yfirfærast til ársins 2012. Hrein aukning fjárheimilda á árinu 2012 vegna þessara ráðstafana nemur samtals 13.317,8 m.kr. en það svarar til 2,3% af gjaldaheimild fjárlaga 2012. Yfirfærð staða skiptist í 19.063,8 m.kr. afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða og 5.746 m.kr. umframgjöld annarra liða. Í lokafjárlögum 2010 var 16.459,1 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða yfirfærð til ársins 2011. Fjárheimildastaða sem yfirfærast til ársins 2012 er því 3.141,3 m.kr. lægri en staðan sem flutt var til ársins 2011.

Af ónotuðum fjárheimildum sem lagt er til að yfirfærast til ársins 2012 munar mest um 1.372,4 m.kr. á liðnum *14-381 Ofanflóðasjóður*, í öðru lagi 1.158,7 m.kr. á liðnum *08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra*, í þriðja lagi 1.137,3 m.kr. á liðnum *02-201 Háskóli Íslands*, í fjórða lagi 493 m.kr. á liðnum *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður* og í fimmta lagi 453,4 m.kr. á liðnum *11-301 Orkustofnun*. Af samtals 19.063,8 m.kr. afgangsheimildum sem lagt er til að yfirfærast til ársins 2012 eru 4.614,8 m.kr. eða 24,2% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Af gjöldum umfram fjárheimildir sem lagt er til að yfirfærast til ársins 2012 munar mest um -2.898,7 m.kr. á liðnum *08-373 Landspítali*, í öðru lagi -449,1 m.kr. á liðnum *08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu*, í þriðja lagi -317,3 m.kr. á liðnum *02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands*, í fjórða lagi -216,1 m.kr. á liðnum *08-317 Lyffastofnun* og í fimmta lagi -169,3 m.kr. á liðnum *14-212 Vatnajökulsþjóðgarður*. Af samtals 5.746 m.kr. umframgjöldum sem lagt er til að yfirfærast til ársins 2012 eru 4.050,5 m.kr. eða 70,5% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er yfirlit yfir fjárheimildastöður sem gert er ráð fyrir að verði yfirfærðar til ársins 2012.

Framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangss eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávíka í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

Nýting lántökuheimilda á árinu 2011. Í fjárlögum og fjáraukalögum 2011 var ríkissjóði heimilað að taka að láni allt að 266 mia.kr. samkvæmt 1. tölulið 5. gr. og endurlána þar af allt að 126 mia.kr. samkvæmt 2. tölulið. Afborganir af teknum lánnum voru áætlaðar 195 mia.kr. og afborganir veittra lána 133 mia.kr. Lántökur umfram afborganir af teknum lánnum voru því áætlaðar 71 mia.kr. og afborganir af veittum lánnum áætlaðar 7 mia.kr. umfram lánveitingar. Í 4. tölulið 3. gr. fjáraukalaga var ríkissjóði auk þess heimiluð allt að 160 mia.kr. lántaka til að efla gjaldeyrisvaraförða Seðlabanka Íslands. Samkvæmt ríkisreikningi

fyrir árið 2011 námu langtímalántökur ríkissjóðs samtals 386,4 mia.kr. Þar af voru 270,1 mia.kr. á grundvelli 1. töluliðar og 116,3 á grundvelli 4. töluliðar. Lántökur voru því 4,1 mia.kr. umfram heimildir 1. töluliðar en 43,7 mia.kr. innan heimildar 4. töluliðar fjárukalaga. Samkvæmt ríkisreikningi námu afborganir af teknum lánnum 226,4 mia.kr. og voru lántökur umfram afborganir því 43,7 mia.kr. samanborið við 71 mia.kr. áætlun fjár- og fjárukalaga. Samkvæmt ríkisreikningi námu veitt ný löng lán ríkissjóðs 10 mia.kr. og voru lánveitingar því 116 mia.kr. innan heimilda þar sem ekki varð úr áætlaðri lánveitingu til Seðlabanka Íslands. Lánsfé, sem aflað var með skuldabréfaútbóði á erlendum mörkuðum til styrkingar á gjaldeyrisvaraforðanum, var þess í stað varðveitt á innlendum gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs í bankanum. Að öðru leyti vísast til nánari skýringa á lánsfjármálum í ríkisreikningi 2011.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávíka markaðra skatttekna og annarra ríkistekna sem markaðar eru stofnunum frá áætlun fjárlaga og fjárukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir því að ráðstafa þessum tekjum til viðkomandi stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er hér að framan í kaflanum *Lagagreinar og sundurliðanir*. Í samræmi við það er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fjárheimildum verði af þessum sökum breytt um 895,9 m.kr., nettó, til hækkunar frá því sem ákveðið var í fjárlögum og fjárukalögum. Hækkun á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða nemur samtals 2.185,5 m.kr. en lækkun á heimildum annarra liða er samtals 1.289,6 m.kr.

Mestu hækkanir fjárheimilda vegna frávíka ríkistekna eru í fyrsta lagi 658 m.kr. á liðnum *04-827 Fóðursjóður* vegna tekna af aðflutningsgjöldum af fóðri sem renna í sjóðinn. Í öðru lagi 293,9 m.kr. á liðnum *07-341 Umboðsmaður skuldara* vegna þess að álagning sérstaks gjalds á lánastofnanir til að standa straum af kostnaði við rekstur embættisins á árinu 2010 kom ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2011. Í þriðja lagi 235,1 m.kr. á liðnum *06-821 Þjóðskrá Íslands* sem að stærstum hluta er vegna tekna af gjaldi fyrir fyrirspurnir úr þinglýsingarhluta fasteignaskrár, greiðslna frá sveitarfélögum og váttryggingarfélögum fyrir afnot af matshluta fasteignaskrárinnar og tekna fyrir ljósrit og endurrit úr embættisbókum. Í fjórða lagi 98,6 m.kr. á liðnum *04-818 Búnaðarsjóður* vegna tekna af búnaðargjaldi sem renna í sjóðinn. Í fimmta lagi 70,3 m.kr. á liðnum *02-351 Fjölbrotaskólinn við Ármúla* vegna tekna af innritunargjöldum. Af samtals 2.185,5 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna frávíka ríkistekna eru 1.355,9 m.kr. eða 62% á þessum fimm fjárlagaliðum.

Mestu lækkanir fjárheimilda vegna frávika ríkistekna eru í fyrsta lagi 593,9 m.kr. á liðnum 08-854 *Fæðingarorlof* vegna minni fjárþarfar Fæðingarorlofssjóðs en áætlað var í fjárlögum og fjárukalögum. Í öðru lagi 476,6 m.kr. á liðnum 08-851 *Atvinnuleysis-tryggingasjóður* vegna minni fjárþarfar sjóðsins en áætlað var í fjárlögum og fjárukalögum. Í þriðja lagi 118,5 m.kr. á liðnum 12-811 *Flutningssjóður olíuvara* vegna minni tekna af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur en áætlað var í fjárlögum. Í fjórða lagi 32 m.kr. á liðnum 14-289 *Endurvinnslan hf.* vegna minni tekna af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir en áætlað var í fjárlögum og fjárukalögum. Í fimmta lagi 15,7 m.kr. á liðnum 06-672 *Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* vegna minni tekna af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi en áætlað var. Af samtals 1.289,6 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna frávika ríkistekna eru 1.236,7 m.kr. eða 96% á þessum fimm fjárlagaliðum. Nánara yfirlit um breytingar á fjárheimildum einstakra stofnana og verkefna vegna frávika ríkistekna frá fjárlögum og fjárukalögum er í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til niðurfellingar á fjárheimildastöðum í árslok. Ný viðmið sem tekin voru upp í lokafjárlögum 2008 um hámark á flutningi afgangshemilda í rekstri leiða til þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nokkur hluti af ónotuðum fjárheimildum, sem áður höfðu yfirleitt verið fluttar óskertar yfir áramót, falli niður. Eins og jafnan áður er gert ráð fyrir að fjárheimildastöður falli niður á liðum þar sem útgjöldin eru lög- eða samningsbundin og fela einnig í mörgum tilvikum í sér tiltekin bótaréttindi einstaklinga þannig að útgjöldunum verður ekki stýrt innan ársins nema með breytingu á viðkomandi lögum eða samningum. Sama gildir um liði þar sem útgjöldin eru hagræns eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins stjórnssýsluaðila. Einnig eru felldar niður stöður viðfangsefna þar sem verkefnum er lokið svo sem stöður einstakra viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna þar sem framkvæmdum er lokið. Varðandi nánari skýringar vísast í viðmiðunarreglur um þessar ráðstafanir sem lýst er hér að framan í kaflanum *Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok*.

Á rekstrargrunni falla niður 44.664,7 m.kr. gjöld umfram heimildir en á greiðslugrunni falla niður 1.224 m.kr. gjöld umfram heimildir. Mismunur milli rekstrargrunns og greiðslugrunns hvað varðar niðurfelldar fjárheimildastöður er 43.440,7 m.kr. og skýrist að mestu leyti af eftirtöldum sex tilvikum: Í fyrsta lagi 19.198 m.kr. umframgjöldum á liðnum 09-971 *Ríkisábyrgðir* vegna endurgjalds ríkissjóðs til Landsbankans hf. í tengslum við yfirtöku bankans á SpKef sparisjóði. Greiðslan var innt af hendi til bankans með afhendingu ríkisskuldabréfa í júlí 2012. Í öðru lagi 7.072,1 m.kr. umframgjöldum á liðnum 11-411 *Byggðastofnun* vegna niðurfærslu á bókfærðu verðmæti á eignarhlut ríkissjóðs í stofnuninni. Í þriðja lagi 4.901,9 m.kr. umframgjöldum á liðnum 11-214 *Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins* vegna niðurfærslu á bókfærðu verðmæti á eignarhlut ríkissjóðs í sjóðnum. Í fjórða lagi niðurfellingu 4.553,2 m.kr. umframgjalda á liðnum 09-711 *Afskriftir skattkrafna*.

Í fimmta lagi niðurfellingu 4.065,8 m.kr. umframgjalda á liðnum *09-381 Lífeyrisskuld-bindingar, eftirlaun*. Í sjötta lagi niðurfellingu 3.516 m.kr. umframgjalda á liðnum *08-809 Málefni fatlaðra* sem nemur fasteignamati húseigna sem yfirfærðar voru frá ríkinu til sveitarfélaga í tengslum við flutning á málefnum fatlaðra í ársbyrjun 2011. Í öllum þessum tilvikum er um að ræða reikningshaldslegar gjaldfærslur umfram fjárheimildir án greiðslna úr ríkissjóði á árinu.

Ofangreind staða, 44.664,7 m.kr. gjöld umfram fjárheimildir, sem gert er ráð fyrir að falli niður í árslok samanstandur af 4.500,8 m.kr. afgangsheimildum og 49.165,5 m.kr. umframgjöldum einstakra fjárlagaliða. Fyrir utan stöður á áðurgreindum fjárlagaliðum þar sem niðurfelling umframgjalda snertir einungis stöðu á rekstrargrunni eru hæstu niðurfellingar umframgjalda 1.200,1 m.kr. á liðnum *09-721 Fjármagnstekjuskattur*, 900 m.kr. á liðnum *09-961 Niðurfærsla hlutafjár* vegna afskriftar á hlutafjárframlagi ríkissjóðs í SpKef sparisjóði, 621 m.kr. á liðnum *08-206 Sjúkratryggingar* og 543,9 m.kr. á liðnum *11-255 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja*. Aðrar stöður umframgjalda sem falla niður eru lægri.

Afgangsheimildir sem falla niður eru mestar 1.210,7 m.kr. á liðnum *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, 466,3 m.kr. á liðnum *08-851 Atvinnuleysisstryggingasjóður*, 424,5 m.kr. á liðnum *09-989 Ófyrirséð útgjöld*, 336,4 m.kr. á liðnum *03-401 Alþjóðastofnanir* og 246,4 m.kr. á liðnum *08-208 Slysatryggingar*. Aðrar stöður afgangsheimilda sem falla niður eru lægri.

Vakin er athygli á því að í fjárukalögum 2011 var 218 m.kr. framlag veitt á viðfangsefnið *02-969-6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík* til að gera Austurhöfn-TR ehf. kleift að standa við samningsákvæði vaðandi kostnað við búnað í aðalsal Hörpu. Ríkissjóður innti greiðsluna af hendi í formi eiginfjárframlags til Austurhafnar-TR ehf. og er framlagið eignfært í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Þar sem ekki reyndist þörf fyrir þessa gjaldaheimild til að greiða framlag í gegnum rekstrarreikning ríkissjóðs fellur hún niður í árslok ásamt annarri stöðu viðfangsins þar sem byggingarframkvæmdum við Hörpu er lokið. Nánara yfirlit um fjárheimildastöður sem falla niður í árslok er í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshemilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti	16.318,3	-5.793,6	-559,6	3.352,7	13.317,8
00 Eðsta sjfórn ríkisins	296,8	-79,1	-3,6	-12,3	201,8
00-101 Embætti forseta Íslands	-15,3	-0,1	7,7		-7,7
101-1.01 Almennur rekstur	-24,8	-0,1			-24,9
101-1.81 Opinberar heimsóknir	9,5				9,5
101-5.20 Laufásvegur 72, viðhald			7,7		7,7
00-201 Alþingi	251,0	-73,6	-11,3	10,9	177,0
201-1.01 Alþingiskostnaður	122,1	-10,5			111,6
201-1.03 Fastanefndir	8,5				8,5
201-1.04 Alþjóðasamstarf	79,5	-11,1			68,4
201-1.06 Almennur rekstur	-26,8	-2,9			-29,7
201-1.07 Sérverkefni	38,0	-49,1			-11,1
201-1.10 Rekstur fasteigna	29,7				29,7
201-5.20 Fasteignir					-11,3
201-6.01 Tæki og búnaður			-11,3	10,9	10,9
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit				-23,2	-23,2
205-6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit				-23,2	-23,2
00-290 Stjórnlagabing	11,6	-4,4			7,2
290-1.01 Stjórnlagabing	11,6	-4,4			7,2
00-291 Rannsóknarnefndir Alþingis	-0,6				-0,6
291-1.01 Rannsóknarnefndir Alþingis	-0,6				-0,6
00-295 Saksóknari Alþingis	-2,1				-2,1
295-1.01 Saksóknari Alþingis	-2,1				-2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshæimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00-610 Umboðsmaður Alþingis	15,4	-0,4			15,0
610-1.01 Umboðsmaður Alþingis	15,4	-0,4			15,0
00-620 Ríkisendurskoðun	36,8	-0,6			36,2
620-1.01 Ríkisendurskoðun	36,8	-0,6			36,2
01 Forsætisráðuneyti	56,3	78,7	-8,2	101,3	228,1
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	15,3	10,5			25,8
101-1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	15,3	10,5			25,8
01-190 Ýmis verkfæri	0,1	76,0			76,1
190-1.11 Hið íslenska fornritafélag		10,0			10,0
190-1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,0				3,0
190-1.19 Efnahagsrannsóknir	2,3	1,7			4,0
190-1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	-3,3	18,1			14,8
190-1.58 Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi	24,3				24,3
190-1.90 Ýmis verkfæri	-26,2	46,2			20,0
01-199 Ráðstöfunarfé		4,0			4,0
199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		4,0			4,0
01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis	0,2		-9,9		-9,7
201-1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	0,2		-9,9		0,2
201-5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis			-9,9		-9,9
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins	2,7			-5,1	-2,4
203-1.01 Almennur rekstur	2,7			-5,1	2,7
203-6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins				-5,1	-5,1
01-241 Umboðsmaður barna	8,7	-3,7			5,0
241-1.01 Umboðsmaður barna	8,7	-3,7			5,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshæimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-1,3	5,3			4,0
253-1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-1,3	5,3			4,0
01-261 Óbyggðanefnd	18,0				18,0
261-1.01 Óbyggðanefnd	18,0				18,0
01-271 Ríkislögmaður	11,8				11,8
271-1.01 Ríkislögmaður	11,8				11,8
01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,8	-13,4	1,7	24,3	13,4
902-1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,8	-13,4			-12,6
902-5.01 Fasteignir			1,7		1,7
902-6.01 Nýframkvæmdir				24,3	24,3
01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta				82,1	82,1
996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta				82,1	82,1
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	7.135,6	-4.797,5	-452,3	660,3	2.546,1
02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	23,6	7,8			31,4
101-1.01 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	23,6	7,8			31,4
02-199 Ráðstöfunarfé	-1,2	3,5			2,3
199-1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-1,2	3,5			2,3
02-201 Háskóli Íslands	4.953,3	-2.768,5	-624,6	-422,9	1.137,3
201-1.01 Háskóli Íslands	4.953,3	-2.768,5			2.184,8
201-5.50 Fasteignir			-624,6		-624,6
201-6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-422,9	-422,9
02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	13,5	-39,8			-26,3
202-1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	13,5	-39,8			-26,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshæmilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-203 Raunvísindastofnun Háskólans	360,7	-356,5			4,2
203-1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	360,7	-356,5			4,2
02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	75,5	-98,5			-23,0
209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	75,5	-98,5			-23,0
02-210 Háskólinn á Akureyri	-82,7	47,3			-35,4
210-1.01 Háskólinn á Akureyri	-82,7	47,3			-35,4
02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	-360,2	42,9			-317,3
216-1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	-360,2	42,9			-317,3
02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-294,9	0,3	34,8	125,3	-134,5
217-1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-294,9	0,3			-294,6
217-5.01 Viðhald fasteigna			34,8		34,8
217-6.20 Fasteignir og lóðir				125,3	125,3
02-223 Námsmatsstofnun	-9,6	2,0			-7,6
223-1.01 Námsmatsstofnun	-9,6	2,0			-7,6
02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands	19,1	-17,3			1,8
231-1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	110,1	-143,1			-33,0
231-1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda	-91,0	125,8			34,8
02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni				124,8	124,8
235-6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni				124,8	124,8
02-236 Rannsóknasjóður	-95,6	123,5			27,9
236-1.10 Rannsóknasjóður	-95,6	123,5			27,9
02-238 Tækjasjóður				25,9	25,9
238-6.60 Tækjasjóður				25,9	25,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshæimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-239 Rannsóknarnámssjóður	3,8	-76,1			-72,3
239-1.01 Rannsóknarnámssjóður	3,8	-76,1			-72,3
02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður			57,1	-5,2	51,9
269-5.21 Viðhald			57,1		57,1
269-6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum				-5,6	-5,6
269-6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum				0,3	0,3
269-6.10 Háskólinn á Akureyri				0,1	0,1
02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	662,3	-599,5			62,8
299-1.15 Nýsköpunarsjóður		0,1			0,1
299-1.32 Þekkingarsetur Vestmannaeyja	23,5	-23,0			0,5
299-1.33 Fræða- og þekkingarsetur	-2,8	3,3			0,5
299-1.80 Vísindastarfsemi	30,4	-29,6			0,8
299-1.90 Háskólastarfsemi	540,5	-481,6			58,9
299-1.91 Háskólar, óskipt	70,7	-68,7			2,0
02-301 Menntaskólinn í Reykjavík	25,4	-4,4			21,0
301-1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	25,4	-4,4			21,0
02-302 Menntaskólinn á Akureyri	105,2	-99,4			5,8
302-1.01 Menntaskólinn á Akureyri	105,2	-99,4			5,8
02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni	10,9	-1,3			9,6
303-1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	10,9	-1,3			9,6
02-304 Menntaskólinn við Hamrahlöð	49,7	-4,4			45,3
304-1.01 Menntaskólinn við Hamrahlöð	49,7	-4,4			45,3
02-305 Menntaskólinn við Sund	10,4	-2,4			8,0
305-1.01 Menntaskólinn við Sund	10,4	-2,4			8,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfaerslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-306 Menntaskólinn á Ísafirði	20,0	-12,7			7,3
306-1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	20,0	-12,7			7,3
02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	18,1	-3,5			14,6
307-1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	18,1	-3,5			14,6
02-308 Menntaskólinn í Kópavogi	92,1	-28,0			64,1
308-1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	92,1	-28,0			64,1
02-309 Kvinnaskólinn í Reykjavík	2,4	-3,0			-0,6
309-1.01 Kvinnaskólinn í Reykjavík	2,4	-3,0			-0,6
02-316 Fasteignir framhaldsskóla	156,7	-62,7	73,9		167,9
316-1.05 Fasteignir skóla	156,7	-62,7			94,0
316-5.21 Viðhald			73,9		73,9
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður				187,1	187,1
318-6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík				-99,5	-99,5
318-6.54 Fjölbraitaskóli Vesturlands				16,5	16,5
318-6.56 Fjölbraitaskóli Norðurlands vestra				-18,2	-18,2
318-6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri				10,0	10,0
318-6.63 Framhaldsskólinn á Laugum				0,4	0,4
318-6.70 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ				140,9	140,9
318-6.72 Menntaskólinn á Tröllaskaga				-3,6	-3,6
318-6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt				4,4	4,4
318-6.95 Tæki og búnaður, óskipt				136,2	136,2
02-319 Framhaldsskólar, almennt	1.112,3	-1.072,3			40,0
319-1.11 Sameiginleg þjónusta	76,2	-78,5			-2,3
319-1.12 Orlof kennara	14,1	-28,8			-14,7
319-1.14 Sérkennsla	63,5	-50,9			12,6
319-1.15 Prófkostnaður	4,2	-0,1			4,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshéimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	38,6	-33,9		4,7
319-1.17	Námsskrárgerð	4,9	5,9		10,8
319-1.18	Námsefnisgerð	336,6	-331,0		5,6
319-1.21	Nám tannsmíða	4,8	-4,4		0,4
319-1.23	Raungreina- og nýsköpunarkeppnir		6,9		6,9
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		0,5		0,5
319-1.28	Mat á skólastarfi	-4,0	19,9		15,9
319-1.29	Forvarnastarf í skólum	-7,0	5,8		-1,2
319-1.30	Endurmenntun	-38,4	41,9		3,5
319-1.38	Menntun á sviði kvikmyndagerðar	11,2	-10,7		0,5
319-1.39	Nám í listdansi	121,6	-117,7		3,9
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	46,2	-45,6		0,6
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	439,8	-451,6		-11,8
02-320	Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði	10,0	-26,0		-16,0
320-1.01	Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði	10,0	-26,0		-16,0
02-350	Fjölbraitaskólinn í Breiðholti	2,6	-3,9		-1,3
350-1.01	Fjölbraitaskólinn í Breiðholti	2,6	-3,9		-1,3
02-351	Fjölbraitaskólinn Ármúla	19,8	-37,7		-17,9
351-1.01	Fjölbraitaskólinn Ármúla	19,8	-37,7		-17,9
02-352	Flensborgarskóli	-14,9	-10,8		-25,7
352-1.01	Flensborgarskóli	-14,9	-10,8		-25,7
02-353	Fjölbraitaskóli Suðurnesja	60,3	-2,7		57,6
353-1.01	Fjölbraitaskóli Suðurnesja	60,3	-2,7		57,6
02-354	Fjölbraitaskóli Vesturlands	-11,9	-1,9		-13,8
354-1.01	Fjölbraitaskóli Vesturlands	-11,9	-1,9		-13,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2012 vegna afgangshæimilda og umframgjalda í árslok 2011

	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	8,7	-0,3			8,4
355-1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	8,7	-0,3			8,4
02-356 Fjölbraitaskóli Norðurlands vestra	7,7	-2,3			5,4
356-1.01 Fjölbraitaskóli Norðurlands vestra	7,7	-2,3			5,4
02-357 Fjölbraitaskóli Suðurlands	57,5	-11,9			45,6
357-1.01 Fjölbraitaskóli Suðurlands	57,5	-11,9			45,6
02-358 Verkmenntaskóli Austurlands	38,5	-12,1			26,4
358-1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	38,5	-12,1			26,4
02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	62,3	-53,8			8,5
359-1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	62,3	-53,8			8,5
02-360 Fjölbraitaskólinn í Garðabæ	21,5	-17,4			4,1
360-1.01 Fjölbraitaskólinn í Garðabæ	21,5	-17,4			4,1
02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	14,2	-1,0			13,2
361-1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	14,2	-1,0			13,2
02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík	-2,0	-0,1			-2,1
362-1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	-2,0	-0,1			-2,1
02-363 Framhaldsskólinn á Laugum	0,6	-0,4			0,2
363-1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	0,6	-0,4			0,2
